



Mynd: Vilhjálmur G. Vilhjálmsson

## Ólíkir Heimar

Brynja Tomer

## Þegar foreldrar eiga minnihlutamála að móðurmáli

Katrín Einarsdóttir

## Alheimsþing heyrnarlausra

Vilhjálmur G. Vilhjálmsson

## Hjálparsending til Tansaníu

Anna R. Valdimarsdóttir

## Ný bæklingur um táknmál

Hafðis Gísladóttir

## Táknmálstúlkaðar leiksýningar

í Borgarleikhúsinu í vetur

*„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum, vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.“*

Terje Basilier

# Íslenskt táknmál

# er okkar mál

# Ritstjórapistill

Einusinni var ég stödd í fyrrum austantjaldslandi og hitti þá fullorðna heyrnarlausu konu sem átti tvær fullorðnar dætur. Tal okkar barst að því hvernig barnauppleidi hjá henni hefði verið fyrir um þremur áratugum síðan, enda voru börn og barnaeignir á mínu áhugasviði á þessum tíma, því sonur minn var aðeins átta mánaða þegar þetta samtal átti sér í stað. Hún byrjaði að segja mér að foreldrar hennar hefðu flust til þeirra hjónanna þegar hún var með barni og bjuggu allan tímann hjá þeim á meðan börnin voru að alast upp. Foreldrar hennar voru „hjálpartæki“ þessara heyrnarlausu hjóna. Þau létu þau vita hvenær börnin voru að gráta á nóttunni og sáu um að börnin lærðu að tala rétt talað mál. Amma og afi ólu upp börnin með þeim. Nú þegar ég las viðtalið við Trausta og Steinunni með sín þrjú börn sé ég hvað við höfum það gott miðað við konuna í austantjaldsríkinu fyrir meira en 30 árum síðan. Hún fann þó ekki fyrir því að aðstæður væru eitthvað sérstakar, því hún þekkti ekki neitt barnagrátsblikkljós, vissi sennilega ekki að það væri til, hvað þá að mér myndist eitthvað skrítið að þau hefðu alið upp dæturnar með heyrandi foreldra sína til aðstoðar við málauppleidið. Hún vissi ekki að hún bjó sjálf við og hafði fullkomið málumhverfi þ.e. táknmálið. Táknmálið á þessum tíma var talið vera annars eða þriðja flokks mál og sjálfmynd foreldrana endurspegladist í viðhorfum til táknmálsins á þessum tíma. En hvað sem því líður og þótt amma og afi hafi verið til staðar á heimilinu þá er mamma alltaf mamma og pabbi alltaf pabbi. Dæturnar tvær tala táknmál það vel að það er vart hægt að greina mun hvort þær eru heyrnarlausar eða heyrandi. Þær hafa það fullkomið vald á táknmáli og töluðu máli.

Nú þegar þetta er skrifað er nýbúið að leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi þess efnis að íslenskt sjónvarpsefni verði textað. Það er vissulega vert að fagna þessu en ég ætla samt ekki að gera það fyrr en það verður alveg gulltryggt að bæði ríkis- og einkasjónvarpsstöðvum hér á landi verði gerð skylt að texta allt íslenskt efni sem þær senda út og líka beinar útsendingar af kappleikjum og öðru. Þetta íslenskutextunarmál er mér er ansi hjartflógið en er ekki einkamál mitt, heldur býr hér á landi fullt af heyrnarlausu/heyrynarskertu fólki sem getur ekki notið innlands sjónvarpsefnis. En mig og fleirum langar jú vissulega að vita hver sannleikurinn er í eldhúsinu hjá Sigmari, hvað þetta helst sé, hvernig menning landans blómstrar í mósaík, hvað er svona markvert í deigluinni, hvað var maðurinn nefndur. Svo ekki sé minnst á hvað sé í fréttum í dag! Svo var einhver að tala um að maður lifi á öld upplýsinganna!

Njótið þess að lesa Döffblaðið.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritstjóri



## Forsíðan

Myndin er nú prýðir forsíðu

Döff-bladsins er eftir listamanninn

Vilhjálmm G. Vilhjálmsson.

Vilhjálmur er fæddur í Reykjavík 23. júní 1955 og hefur verið heyrnarlaus frá fæðingu. Hann stundaði nám fram að 16 ára aldri í Heyrnleysingjaskólanum. Eftir það hóf hann nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem auglýsingateiknari árið 1977. Við nám sitt í skólanum studdist Vilhjálmmur við rittúlk sem skrifaði helstu orðin jafnóðum niður á blað þar sem ekki voru til táknmálmstúlkur á þeim tíma. Eftir að skólanum lauk fluttist Vilhjálmmur með fjölskyldu sinni til Danmerkur og bjó þar í þrjú ár. Hann stundaði nám við Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn í tvö ár. Þegar Vilhjálmmur kom heim hóf hann störf á auglýsingastofum og hefur unnið á ýmsum slíkum síðan. Í dag starfar hann á Teiknistofu Birgis.

Vilhjálmur hefur haldið um sex sýningar, bæði einka- og samsýningar með öðrum heyrnarlausum listamönnum. Hann sækir efnivið sinn úr umhverfinu og notar pastelliti og olíuliti í myndum sínum.

Í frístundum hefur Vilhjálmmur ekki aðeins stundað list sína heldur hefur hann einnig starfað mikið að félagsmálum. Hann hefur verið virkur félagi í Félagi heyrnarlausra, verið bæði formaður og varaformaður þess, tekið þátt í Norðurlandasamstarfi, verið varaborgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1982-1990, flutt táknmálmfréttir í sjónvarpinu og unnið mikið að félagsmálum fyrir heyrnarlausu.

## DÖFFblaðið:

**Ritstjóri:** Sigurlín Margrét Sigurðardóttir  
**Ritnefnd:** Hafðis Gísladóttir og Anna R. Valdimarsdóttir

**Ábyrgðarmaður:** Berglind Stefánsdóttir

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra  
Laugavegi 26  
101 Reykjavík  
sími: 561-3560, fax: 551-3567  
netfang: feheyrn@ismennt.is

**Ljósmyndir:**  
**Tölvuumbrot:** Grafíska smiðjan ehf.  
**Prentun:** Prentverk Kjartans ehf.  
**Úpplag:** 1300 eintök

### **Stjórn Félags heyrnarlausra:**

Berglind Stefánsdóttir formaður	netfang: bettys@ismennt.is
Júlia G. Hreinsdóttir varaformaður	netfang: juliahr@islandia.is
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritari	netfang: sigmars@islandia.is
Unnur Dóra Norðfjörð meðstjórnandi	netfang: unnurdora@islandia.is
Guðrún Ólafsdóttir meðstjórnandi	netfang: gudruno@bi.is

### **Framkvæmdarstjóri Félags heyrnarlausra:**

Hafðis Gísladóttir netfang: feheyrn@ismennt.is



# „Ólíkir heimar“

Trausti Jóhannesson og Steinunn Þorvaldsdóttir eru heyrnarlaus. Þau ólust upp í einangruðum heimi þar sem táknmál var bannað og aðgangur að barnaefni afar takmarkaður. Nú eiga þau þrjú börn, öll með fulla heyrn. Á heimilinu mætast ólíkir menningarheimar og það sá Brynja Tomer er hún heimsótti hjónin og ræddi við þau. Henni þótti skrítið að sjá dagott safn af geisladiskum, vitandi það að viðmælendur hennar hafa aldrei heyrt tónlist.

Trausti og Steinunn búa í falgri blokkaríbúð í Engjahverfi í Grafarvogi. Þau lýsa hljóðri barnæsku sinni þannig: „Mér var kennt að skilja fólk með því að lesa af vörum þess og tjá mig með því

að tala,“ segir Steinunn og bætir við: „Með varalestri má gera ráð fyrir að sá heyrnarlaus skilji um helming þess sem sagt er. Samskipti hans við heyrandi fólk verða því aldrei eðlileg og fullnægjandi.

## „Með varalestri má gera ráð fyrir að sá heyrnarlaus skilji um helming þess sem sagt er.“

Það er óeðlilegt að tala án þess að heyra það sem maður segir.“ Trausti segist aðallega hafa talað heimatilbúið táknmál í æsku. „Besti vinur minn var með fulla

heyrn og við tjáðum okkur með táknum og svipbrigðum. Við áttum góð samskipti og gerðum bara það sem okkur datt í hug til að gera okkur skiljanlega.“ Nú eru Steinunn og Trausti 35 ára, hamingjusamlega gift og foreldrar þriggja barna. Elva Björk 9 ára er elst og Þorvaldur Freyr er 7 ára. Fyrir þremur mánuðum fæddist svo lítil rauðhærð og glaðvær hnáta, Tinna Ósk. Öll hafa börnin fulla heyrn og segjast foreldrarnir þakklátir fyrir heilbrigði barna sinna. „Við höfðum samt ekki miklar áhyggjur af því að þau yrðu heyrnarlaus,“ segja þau aðspurð og Trausti heldur áfram: „Við veltum möguleikanum þó fyrir okkur enda á bróðir minn heyrnarlaus dóttur. Ég held að við höfum fyrir vikið verið undir það búin að eignast heyrnarlaust barn.“





## Ólíkar ástæður fyrir heyrnarleysi

Heyrnarleysi Steinunnar má rekja til þess að móðir hennar fékk rauða hunda á meðgöngu. Hún er raunar ekki algjörlega heyrnarlaus því hún hefur örhlitla heyrn á öðru eyra. Trausti telur líklegt að erfðafræðilegar ástæður séu fyrir heyrnarleysi hans: „Bróðir minn er heyrnarlaus og sömuleiðis dóttir hans. Það gefur vísbendingar um að heyrnarleysi geti verið ættgenengt en ég veit ekki til þess að gerðar hafi verið rannsóknir á arfgengi heyrnarleysis.“ Þau segja afar margt hefur breyst í málefnum heyrnarlausra á síðustu árum, ekki síst eftir að Háskóli Íslands fór að mennta táknmálstúlka. Einn þeirra túlkar einmitt þetta viðtal en hlutverk túlka er öllu viðameira og flóknara en að túlka blaðaviðtöl endrum og sinnum. Trausti segir að mikið álag sé á táknmálstúlkum, þeir séu allt of fáir. „Kennsla í táknmálstúlkun hefur verið lögð niður í Háskóla Íslands. Brýnt er að taka hana upp aftur því mikil þörf er á fleiri túlkum. Þeir vinna meðal annars með heyrnarlausum nemendum í framhaldsskólum og gera þeim þannig kleift að stunda almennt framhaldsnám. Einnig fara þeir gjarnan með heyrnarlausum í lækni- og foreldravíðtöl í skólum og á fundi eða ráðstefnur.“

## Táknmálstúlkar mikilvægir

Trausti ætti að vita hvað hann syngur því árið 1982 gerði hann tilraun til að stunda rafvirkjanám í Iðnskólanum í Reykjavík. „Á þeim tíma voru engir

túlkar og ég missti þar af leiðandi af stórum hluta kennslunnar. Síðar fór ég í húsasmíðanám og lauk sveinsprófi 1987. Síðasta námsárið hafði ég túlk og fékk því eitthvað út úr náminu. Eftir að hafa unnið um tíma við húsasmíði lærði ég kerfisfræði og hafði túlk allan námstímamann. Ég fékk mest út úr því námi, enda skipti túlkunin sköpum.“ Steinunn segist hafa fengið túlk með sér í mæðraskoðanir og ungbarnaeftirlit. „Ég var einnig með túlk þegar Tinna Ósk fæddist og það var yndislegt. Ég var örugg í gegnum alla fæðinguna og gat fylgst vel með öllu sem fram fór í fæðingastofunni.“ Spurð hvort þeim þyki ekki óþægilegt að ókunnug manneskja blandist inn í jafnpersónuleg málefni og barnsfæðingu, hugsa þau sig um og segja svo: „Það er mikilvægara að koma í veg fyrir misskilning og tryggja að skilaboð komist skýrt til skila en halda persónulegum atburðum út af fyrir sig. Við erum orðin vön að njóta aðstoðar túlka og það truflar okkur alls ekki.“

## Viljum að börnin njóti þess sem menningarheimur þeirra býður upp á

Þegar þið voruð börn gátuð þið ekki fylgst með öllu barnaefni sem var á boðstólum, eins og heyrandi jafnaldrar ykkar. Finnst ykkur erfitt að koma til móts við óskir barna ykkar varðandi afþreyingu og barnamenningu?

„Nei, það er ekki erfitt. Við vitum ekki nákvæmlega hvernig upplifun þeirra er en vitum hvað þeim finnst skemmtilegt. Við kaupum til dæmis oft

„Við getum meira að segja  
það stundum ef við viljum e  
við seg

fyrir þau geisladiska, þótt við höfum sjálf aldrei heyrt tónlist og við sjáum og skynjum mjög vel hversu mikla ánægju þau hafa af tónlistinni. Sömuleiðis leyfum við þeim að sjá bíómyndir og barnaefni í sjónvarpinu, sem við skildum aldrei nema að mjög takmörkuðu leyti þegar við vorum börn. Við fylgdumst með látbragði og svipbrigðum leikara og höfðum gaman af því, þótt við heyrðum ekki talið. Börnin okkar tilheyrta að þessu leyti öðrum heimi og það skiptir okkur máli að þau fái að njóta hans til fullnustu. Þegar efni í sjónvarpinu er textað horfum við gjarnan á það með börnunum.“

## Hvað um námið, nú eru tvö eldri börnin í skóla. Getið þið fylgst með náminu þeirra? Hvernig gekk til dæmis að kenna þeim að lesa og fylgjast með lestrarþroska þeirra?

„Ég hjálpa þeim mjög oft með heimanámið,“ segir Steinunn. „Þeim gengur vel í skóla og hafa náð góðum tókum á lestri. Ég bið þau stundum að lesa upphátt fyrir mig þótt ég heyri ekki vel í þeim en ef systir mín eða foreldrar eru í heimsókn bið ég þau gjarnan að hlusta á börnin lesa. Þau segja að þau lesi vel og kennarar þeirra eru líka mjög ánægðir með þau.“

## Burtséð frá sambandi ykkar, haldið þið að æskilegra sé að tveir heyrnarlausir séu í sambúð eða annar aðilinn hafi heyrn?

„Það er tvímælaust betra að báðir séu heyrnarlausir,“ segja þau ákveðið. Það verður að viðurkennast að svarið kemur spyrjanda á óvart en Steinunn



hvíslað á táknmáli og gerum  
ekki að börnin skilji það sem  
gjum.“



og Trausti rökstyðja það: „Þá tilheyrir parið sama heimi. Heimur heyrnarlausra og hinna heyrandi er mjög ólíkur, nánast eins og fólk væri frá ólíkum löndum. Ef annað hjóna er heyrnarlaust en ekki hitt, er nauðsynlegt að bæði leggi sig fram um að kynnast menningarheimi maka sín.“

## Rífast á táknmáli

### Hvernig rífast heyrnarlaus hjón?

„Á táknmáli auðvitað,“ segja þau og skella upp úr. Þau segja svipbrigði vera mikilvægan hluta af táknmáli og auk þess sé orðaforði mikill og leiðir til að tjá sig margar, rétt eins og í hverju öðru tungumáli. „Við getum meira að segja hvíslað á táknmáli og gerum það stundum ef við viljum ekki að börnin skilji það sem við segjum.“

### Hvernig er hægt að hvísla á táknmáli?

„Til dæmis með því að hafa hendurnar neðarlega og hafa táknin ekki áberandi. Einnig er hægt að stafa orð í stað þess að nota ákveðin tákn.“

### Hvað um barnsgrát, til dæmis að næturlagi? Hvernig gengur að fylgjast með ungbarni án þess að heyra í því?

Trausti nær í lítið tæki sem minnir á fjarstýrða bílalæsing. „Þetta tæki er tengt dyrabjöllu, síma og líka hljóðnema við barnarúmið. Tækið titrar ef síminn eða dyrabjallan hringir og einnig ef eitthvað heyrir í barninu. Auk þess blikka ljós, mismunandi lit eftir því hvaðan hljóðið kemur. Við rjúkum því ekki í símann þegar dyrabjallan hringir eða öfugt, því við sjáum strax hvaðan hljóðið kemur.“ Því næst dregur Trausti

fram armbandsúr sem við fyrstu sýn er ósköp venjulegt að sjá. Í það er hins vegar innbyggt viðvörðunarkerfi sem virkar á sama hátt og tækið sem áður var greint frá, nema það er einnig tengt reyk-skynjara og almannavörnum.

## Börn eiga ekki að túlka fyrir foreldra sína

Trausti og Steinunn leggja mikla áherslu

## „Börn heyrnarlausra foreldra eiga ekki að bera ábyrgð á samskiptum fullorðinna.“

á að börnin þeirra túlki ekki fyrir þau. „Börn heyrnarlausra foreldra eiga ekki að bera ábyrgð á samskiptum fullorðinna og því síður að blandast í viðkvæm málefni sem þau hafa ekki þroska til að skilja. Til þess eru táknmálstúlkar sem eru menntaðir til að túlka á hlutlausan hátt, auk þess sem þeir eru bundnir þagnarskyldu. Raunar kemur einstaka sinnum fyrir að börnin okkar túlka, til dæmis fyrir vini sína, svo þeir skilji hvað við erum að tala um. Einnig kemur fyrir að Þorvaldur túlkar fyrir mig sumt sem þulurinn í Formúlu 1 kappakstrinum segir en við feðgarnir höfum mikinn áhuga á kappakstri og horfum oft saman á hann. Í aðalatriðum viljum við samt ekki að börnin okkar hafi milligöngu í

samskiptum okkar við heyrandi fólk. Þetta bitnar vissulega stundum á samskiptum, til dæmis á bekkjarkvöldum í skólanum þar sem við getum ekki talað við aðra foreldra.“

### Fyrirgefðu þið forvitnina en til hvers eruð þið með síma ef þið heyrir ekki í honum?

„Við notum hann í gegnum svokallaðan textasíma, sem er tölvutengdur. Ef þú vilt hringja í okkur hringir þú í textasímamiðstöð í síma 569 9011 og biður símavörð, sem er á vakt allan sólarhringinn, að hringja til okkar. Þú segir honum það sem þú vilt segja mér og hann skráir textann og sendir mér á tölvutæku formi. Ég les textann og skrifa síðan svarið sem símavörðurinn les fyrir þig. Þetta er mjög þægilegt og í raun nauðsynlegt fyrir samskipti við heyrandi fólk. Ef við viljum hringja í fólk með heyrn gerum við það líka í gegnum textasímamiðstöð.“

## Felum ekki heyrnarleysið

### Er börnunum ykkar strítt á því að eiga heyrnarlaus foreldra?

„Nei, það hefur aldrei komið fyrir svo við vitum. Okkur var mikið strítt sem krökkum, en viðhorf til heyrnarlausra hafa breyst mjög mikið. Við höfum aldrei reynt að fela heyrnarleysið og bjóðum vini barna okkar velkomna hingað. Við tölum okkar tungumál, sem er táknmál. Þeim sem ekki þekkja til kann að finnast eins og þetta sé bara handapat út í loftið, en sannleikurinn er að þetta er blæbrigðaríkt mál og mjög lifandi. Margir af félögum barnanna kunna meira að segja svolítið í málinu, en börnin okkar eru tvítyngd þau tala

**„Táknmálsfréttir eru mikilvægar, en þær eru samt of takmarkaðar. Við þyrftum að fá lengri tíma og einnig myndir með fréttunum.“**



Steinunn fór sem skiptinemi til Colorado í Bandaríkjunum á sínum yngri árum. „Það var mikil lífsreynsla. Ég vann í skóla fyrir heyrnleysingja og lærði bandarískt táknmál.“ Áður en hún fór út var hún í námi í Fjölbrotaskólanum í Ármúla. „Á þeim tíma voru engir táknmálstúlkar og það er mjög erfitt að lesa af vörum kennara. Ég hætti því námi eftir eitt og hálf ár. Nú er ég í barneignarleyfi en stunda annars nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Ég hef túlk og mér finnst það mikill munur. Þetta er mun þægilegra og afslappaðra og ég stefni nú að því að ljúka stúdentsprófi.“ Trausti vinnur mikið, aðallega á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra þar sem hann starfar við myndbandagerð fyrir heyrnarlausra. Margir kannast líka eflaust við hann úr táknmálsfréttum sjónvarpsins þar sem hann er einn af þulunum. „Táknmálsfréttir eru mikilvægar en þær eru samt of takmarkaðar. Við þyrftum að fá lengri tíma og einnig myndir með fréttunum.“ Auk þessa hefur Trausti að undanförunu kennt 10 ára strákum í KR táknmál einu sinni í viku, en í einum flokknum eru tveir heyrnarlausir drengir. „Það hefur gengið frábærlega vel að kenna strákunum táknmál og þeir eru mjög áhugasamir. Einnig sumir foreldranna sem hafa komið í táknmálskennsluna. Þetta er bara einn af mörgum liðum sem þarf að huga að svo heyrnarlaus börn geti notið lífsins eins og þau sem eru heyrandi. Útbreiðsla táknmáls hefur líka mikið fræðslugildi. Því fleiri sem þekkja táknmál og mikilvægi þess, því meiri líkur eru á að táknmál verði viðurkennt mál.“

### **Hvað meinarðu, er táknmál ekki viðurkennt?**

„Nei, ekki sem móðurmál heyrnarlausra. Litið er á íslensku sem móðurmál okkar. Fyrir okkur er íslenska aftur á móti eins og erlent tungumál. Nú liggur fyrir þinginu frumvarp um að táknmál verði viðurkennt og við vonumst sannarlega til að það verði samþykkt. Sumar þjóðir viðurkenna táknmál sem móðurmál heyrnarlausra en annars staðar leggja félög heyrnarlausra ríka áherslu á löggildingu málsins. Þetta er helsta hagsmunamál heyrnarlausra í flestum löndum.“

### **Mamma, talaðu frekar táknmál**

#### **Langar ykkur aldrei til að syngja fyrir börnin, eða lesa fyrir þau, til dæmis áður en þau fara að sofa?**

„Við lesum oft fyrir þau og segjum þeim sögur á táknmáli,“ segir Trausti og Steinunn skellir upp úr. Hún minnst þess allt í einu að eitt kvöldið báðu börnin hana að lesa bók með rödd. „Ég var ekki búin að lesa lengi þegar þau hnipptu í mig og báðu mig vinsamlegast að skipta yfir í táknmál. Þau vildu líklega fá staðfestingu á að táknmálið hentar okkur betur í samskiptum en fannst þau verða að láta á það reyna. Við syngjum hins vegar ekki,“ segja þau bæði og hlæja datt að hugmyndinni um að syngja, því líklega myndu börnin snarlega biðja þau um að hætta. Þeim finnst skipta miklu máli að börnin þeirra umgangist bæði heyrandi börn og heyrnarlaus. „Þannig kynnast þau betur hvorum heimi fyrir sig.“ Spurð

hvort þeim finnst heppilegt að heyrnarlaus börn séu í sérstöku heyrnleysingjaskólum segja þau það miklu heppilegra. „Í einum leikskóla eru bæði heyrandi og heyrnarlaus börn og það gengur mjög vel samkvæmt því sem ég best veit,“ segir Trausti. „Á hinn bóginn er ljóst að þegar krakkar eldast og fara í grunnskóla verður einangrunin meiri ef þau eru í skóla með heyrandi börnum. Í skóla fyrir heyrnarlausra eru öll samskipti og kennsla miðuð við heyrnarlaus nemendur, sem þýðir að betur er komið til móts við þarfir þeirra. Í Sandgerði er í gangi tilraun í grunnskóla þar sem nemendur eru bæði heyrandi og heyrnarlausir. Skoðanir eru skiptar um ágæti þess að blanda þessum hópum saman. Ég held að hin heyrnarlausu geti átt erfiðara með félagsþroska í þessu umhverfi.“

#### **Verða börnin aldrei reið yfir því að þið heyrði ekki?**

„Jú, jú, það kemur fyrir og þau verða líka reið yfir ýmsu öðru eins og öll önnur börn. Að mörgu leyti er meira álag á börnum sem eiga heyrnarlosa foreldra, því þau tala eitt tungumál við þá og annað utan heimilis. Þau verða helst reið ef samskiptin ganga erfiðlega, en þá skrifuð við á blað það sem við viljum segja og biðjum þau að skrifa það sem þau geta ekki sagt á táknmáli, eða stafa orðið á táknmáli. Með því móti er hægt að leysa allan ágreining og við minnum börnin oft á að þau eru í raun heppin að hafa vald á tveimur tungumálum.“

# Túlkaþjónusta Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.



Á Samskiptamiðstöðinni er rekin túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausra, heyrnarskertra og dauflinda. Túlkaþjónustan er að mestu rekin fyrir opinbert fé, því heyrnarlausir eiga rétt á túlkun við allar heilbrigðisaðstæður samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, gr. 5, auk þess að menntamálaráðuneytið borgar fyrir alla túlkun vegna ríkisrekinnar menntunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið greiðir fyrir túlkun á vegum héraðs- og hæstaréttar. Sveitarfélög leggja sum hver fram ákveðna upphæð árlega til túlkunar í menningar- og tómstundastarfi íbúa þess sveitarfélags.

Það er mikill skortur á túlkum hjá túlkaþjónustunni, ekki aðeins táknmáls-túlkum, heldur líka rit- og dauflindra-túlkum. Ekkert nám er nú í gangi á vegum Háskólans og ekki útséð um

hvenær slíkt nám hefst aftur. Eftir að nám er komið í gang líða þrjú ár þangað til nýir túlkar verða útskrifaðir, því er augljóst að túlkaskortur er viðvarandi ástand næstu árin. Nú eru starfandi um 13 táknmáls-, rit- og dauflindratúlkar í fastri stöðu hjá Samskiptamiðstöð, einn túlkur er í barneignarleyfi og tveir aðrir á leiðinni í slík leyfi. Þessir túlkar eru þó ekki allir í fullri stöðu, stöðugildin eru um 11.

Vegna þessa skorts á túlkum er nauðsynlegt að túlkur sé pantaður með góðum fyrirvara og einnig að látið sé vita ef ekki reynist þörf á túlkinum, því möguleiki er að hægt sé að nota hann annars staðar.

Um 60% af því sem er túlkað á vegum Samskiptamiðstöðvarinnar er túlkun í skólum á framhalds- og háskólastigi en

um 40% fellur undir almenna túlkun. Einungis er hægt að manna um 60-65% af almennri túlkun og um 70-80% af skólatúlkun, þannig að töluvert af pöntunum sem berast er ekki hægt að sinna vegna manneklu. Þegar líða tekur á árið fer svo skortur á fjármagni að hefta störf okkar, allflestir sjóðir tæmast á haustmánuðum og ekkert nýtt fjármagn kemur inn fyrr en eftir áramót.

Deildarstjóri túlkaþjónustunnar er táknmáls-túlkur og þangað er hægt að koma og fá símatúlkun á opnunartímum Samskiptamiðstöðvarinnar.

Túlkapantanir er hægt að leggja inn með faxi: 562-7714, tölvupósti: [shh@shh.is](mailto:shh@shh.is), í gegnum tölvusíma: 562-7789 eða venjulegan síma: 562-7738.

Fiskíðjúsamlaug Húsavíkur hf. Gardarsbraut 14  
Baktus ehf. Auðbrekku 4  
Vinnuvélaeiga Jóhannesar Solbrekku 9  
Fatahreinsun Húsavíkur sf. Tungötu 1  
Trésmiðjan Rein ehf. Rein  
Tjörneshreppur Ketilsstöðum

Fosshóll  
Bárðælahreppur Úlfssæ

Laugar  
Laugafiskur hf. Laugmópasker  
Sifur stjarnan hf. Nupsmyri

Raufarhöfn  
Jón Ketilsson Tjarnarholli 10  
Kristján M Ónundarson Miðási

Þórshöfn  
Svalbarðshreppur Gunnarsstöðum

Vopnafjörður  
Mæliféll sf. Háholli 2

Sláturfélag Vopnfirðinga hf. Hafnarbyggð 6  
Verkalyðsfélag Vopnafjarðar Lónabraut

Egilsstaðir  
Kristín Gissursdóttir Ullartanga 9  
Brúnás Egilsstöðum ehf. Miðási 11  
Malarvinnslan hf. Miðási 33-35  
Verkalyðsfélag Fljótaldshérað Miðvangi 2-4  
Kaupfélag Héraðsbúa Kaupvangi 6  
Innrömmun og speglagerð Tjarnarási 6  
Birta ehf. Lagarási 8  
Trésmiðja Fljótaldshéraðs hf. Kauptúni 1 Fellabæ  
Bokabúðin Hlöðum Hlöðum  
Árni B Halldórsson hrl. Ullartanga 6  
Trésmiðja Guðna Þórarinnssonar Mással  
Bilasilan Fell sf. Lagarbraut 4c

Borgarfjörður  
Fiskverkun Karls Sveinssonar Vorðubrun

Eskifjörður  
Hótel Askja Hólsvegi 4  
Byggðarholt sf. Svinaskalahlið 21

Ljósmyndastofa Vilbergs Strandgötu 43

Neskaupstaður  
Rafgeisli Tómas R. Zoega ehf. Hafnarbraut 10  
Viggó hf. Sæbakka 16

Fáskrúðsfjörður  
Verkalyðs/sjómannaflé Fáskrúðs Skólavegi 72  
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga Skólavegi 59

Breiðdalsvík  
Hótel Bláfell ehf. Solvöllum 14

Höfn  
Farfuglaheimilið Njabbæ Hafnarbraut 8  
Ferðaþjónusta bænda Stafafelli

Selfoss  
Set ehf. Eyravegi 43  
Mjólkurbú Flóamanna Austurvegi 65  
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. Gagnheiði 35  
Kælivélaþjónustan Eyravegi 3  
Fossvélar ehf. Hrímsyrja 4

Selfossveitur bs. Austurvegi 67  
Selós ehf. Eyravegi 51  
Jeppasmíðjan ehf. Ljónsstöðum  
Bilaskemman ehf. Grásteini  
Hótel Geysir og Sóluskálinn Haukadal  
Framsóknarfélag Arnessyslu Hrauni 1b  
Villingaholtshreppur Mjósyrði

Hveragerði  
Gistiheimilið Frumskógur Frumskógum 3  
Rakarastofa Ástu Gunnarsd. Reykjámörk 1  
Kjörís ehf. Austurmörk 15  
Ljósbrá ehf. Breiðumörk 25

Þorlákshöfn  
Auðbjörg ehf. Óseyrarbraut 18  
Ljósavík hf. Unubakka 11  
Fagus ehf. Unubakka 18-20  
Fiskíðjan Ver Óseyrarbraut 20

Laugarvatn  
Laugardalshreppur Laugarvatni, Ösp

# Þegar foreldrar eiga minna

**Erlendar rannsóknir sýna að það er oft mikil vinna fyrir foreldra sem eiga móðurmál sem er minnihutamál í landinu sem þeir búa, að kenna börnum sínum minnihlutamálið ef enginn annar í umhverfi barnsins notar það mál í samræðum við börnin.**

Þann fyrsta september síðastliðinn hóf Katrín Einarsdóttir störf hjá Félagi heyrnarlausra. Katrín er að ljúka námi í barna og fjölskyldusálfræði.

Lokaverkefni hennar fjallaði um íslenskukunnáttu hjá börnum, sem eiga erlenda foreldra. Þar fjallaði hún meðal annars um rannsóknir á því hvernig foreldrum sem eiga móðurmál sem er minnihlutamál í landinu gengur að kenna börnum sínum móðurmálið sitt.

getur til dæmis verið erfitt fyrir foreldra að ræða vandamál við börnin sín, gefa þeim ráðleggingar og kenna þeim sitt eigið gildismat varðandi persónuleg mál, menningu og trú. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samband foreldris og barns, fyrir jafnvægið í fjölskyldunni og fyrir þroska barnsins (Baker and Prys Jones, 1998).

Heyrnarlausir foreldrar sem eiga heyrandi börn eru í svipaðri aðstöðu og aðrir foreldrar sem eiga móðurmál sem er minnihlutamál í landinu. Táknmálið er minnihlutamál á Íslandi, oftast nota fáir táknmálið við börnin aðrir en foreldrarnir og það er lítið notað í umhverfinu, t.d. í sjónvarpi.

Fyrir nokkrum árum var gerð rannsókn á fjórum börnum sem ólust upp



Auðvelt er að gera sér í hugarlund mikilvægi þess að börn og foreldrar þeirra eigi sér sameiginlegt tungumál. Ef foreldrar ná ekki valdi á meirihlutamálinu sem talað er í landinu og börnin ná ekki valdi á móðurmáli foreldranna

Erlendar rannsóknir sýna að það er oft mikil vinna fyrir foreldra, sem eiga móðurmál sem er minnihutamál í landinu sem þeir búa, að kenna börnum sínum minnihlutamálið ef enginn annar í umhverfi barnsins notar það mál við börnin.

Svíþjóð (Arnberg 1987). Börnin áttu ensku-mælandi mæður og sænsku-mælandi feður. Fylgst var með börnunum í eitt ár, milli tveggja og þriggja ára aldurs og svo aftur fimm árum seinna. Þegar börnin voru tveggja ára töluðu þau yfirleitt bara við mæður sínar á sænsku





# Þar minnihlutamál við móðurmáli

**„Oft er minnihlutamálið lítið notað utan heimilisins og ekki notað í fjölbreyttum aðstæðum“**

Þó að mæðurnar töluðu við þau á ensku. Þegar börnin voru 7 ára voru lögð fyrir þau málþroskaþróf á sænsku og ensku.

fleirum en mæðrum sínum. Samt sem áður náðu þau ekki aldursvarandi færni í ensku. Það er því líklegt að heyrnarlausum foreldrum gangi líka illa að kenna börnum sínum táknmál ef enginn nema foreldrarnir nota táknmál við barnið.

**Hvað hindrar börn í að læra móðurmál foreldranna?**

mál (Döpke, 1992). Þetta geta heyrnarlausir foreldrar ekki gert því táknmál er hvergi meirihlutamál. Hins vegar geta heyrnarlausir foreldrar gert ýmislegt annað til að heyrandi börn þeirra séu meira innan um táknmál. Best er ef þau geta verið á leikskóla eins og Sólborg þar sem táknmál er notað að staðaldrif. Ef það er ekki hægt verða heyrnarlausir



Þar kom í ljós að börnin höfðu náð jafn góðri færni í sænsku og jafnaldrar þeirra. Hins vegar var frammistaða þeirra í ensku töluvert slakari en frammistaða jafnaldranna.

Í Svíþjóð nýtur enska virðingar og er töluvert mikið notuð í fjölmiðlum svo börnin hafa örugglega heyrt ensku hjá

Oft er minnihlutamálið lítið notað utan heimilisins og ekki notað í fjölbreyttum aðstæðum. Í rannsóknum á börnum foreldra sem tala erlend tungumál hefur komið í ljós að besta leiðin til að barn nái góðu valdi á móðurmáli foreldrisins er að barnið fari oft í heimsóknir til landsins þar sem það mál er meirihluta-

foreldrar að leita annarra leiða. Þeir geta til dæmis fjölgað þeim aðstæðum þar sem táknmálið er notað með því að fara mikið með börnin í heimsókn til heyrnarlausra, reynt að kynna þau fyrir heyrnarlausum börnum og verið duglegir að lesa fyrir börnin á táknmáli. Það má líka hugsa sér að fá heyrnarlosa barnapiu sem talar bara táknmál við barnið.



Stundum hafa börn ekki nógu mikinn áhuga á að læra minnihlutamálið eða finna ekki tilganginn með því vegna þess að þau vita að foreldrarnir skilja meirihlutamálið. Að ensku mæðrunum í sænsku rannsókninni (Arnberg, 1987) sem talað var um áðan gekk illa að kenna börnunum sínum ensku var einmitt skýringin á að börnin vissu að mæðurnar gætu skilið þau þótt þau töluðu sænsku við þær. Sumum foreldrum hefur gengið vel að fá börn sín til að nota minnihlutamálið með því að þykjast ekki skilja þegar barnið talar meirihlutamálið.

Það hefur komið í ljós að það skiptir miklu máli hvort virðing er borin fyrir málinu í umhverfi barnsins (Lambert, 1975). Þó að enska njóti virðingar í Svíþjóð gekk börnum ensku mæðranna í rannsókn Arnbergs (1987) illa að læra ensku. Það bendir til þess að það skipti ekki öllu máli hvort minnihlutamálið nýtur virðingar í samfélaginu heldur hvort það nýtur virðingar innan fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins (Döpke, 1992). Þetta bendir til þess að ef heyrnarlausir foreldrar sýna börnum sínum að þeir bera virðingu fyrir táknmálinu, þá eru meiri líkur til þess að börnin nái góðu valdi á táknmálinu þó svo að íslenska samfélagið sýni íslensku táknmáli ekki enn þá tilhlýðilega virðingu.

Til að aðstoða börn sem eiga foreldra sem hafa minnihlutamál að móðurmáli við að öðlast færni í móðurmálinu og

meirihlutamálinu í landinu hafa víða um heim verið settar upp tvítyngdar leikskóladeildir. Þessar deildir hafa gefið góða raun (Baker og Prys Jones, 1998; Kragh, 1988). Árið 1984 var leikskóladeild í Danmörku gerð tvítyngd fyrir tyrknesk og dönsk börn. Áður en deildinni var breytt var bara töluð danska á deildinni. Flest börnin voru dönsk en auk þeirra voru nokkur tyrknesk börn á deildinni. Tyrknesku börnunum gekk illa að ná valdi á bæði tyrknesku og dönsku. Auk þess komu oft fram hegðunarerfiðleikar hjá þeim, yngri börnin voru einangruð en þau eldri hegðuðu sér andfélagslega og fóru ekki eftir reglum leikskólans. Árið 1984 var

## **Það hefur komið í ljós að það skiptir miklu máli hvort virðing er borin fyrir málinu í umhverfi barnsins**

deildinni breytt þannig að jafn mörg dönsk og tyrknesk börn voru á deildinni, 20 af hvoru þjóðerni, og auk þess voru ráðnir þrjú tvítyngdir starfsmenn. Börnin heyrðu nú móðurmál foreldra sinna lengri tíma á hverjum degi og í fjölbreyttari aðstæðum en áður og móðurmálið naut virðingar á leikskólanum. Starfsfólkið á leikskólanum sá skýrar breytingar á börnunum. Börnin náðu færni í móðurmáli foreldra sinna og gátu tjáð sig við

foreldra sína. Um leið jókst færni þeirra í dönsku.

### **Færni í móðurmáli foreldranna eykur færni í meirihlutamálinu.**

Lengi vel trúði fólk því að það væri erfiðara fyrir börn að læra meirihlutamálið í landinu ef þau þyrftu líka að læra móðurmál foreldra sinna, minnihlutamál í landinu. Þetta er löngu orðið úrelt viðhorf. Fjölmargar rannsóknir alveg síðan 1962 (Peal and Lambert, 1962) sýna að börnum gengur ekki verr að ná valdi á meirihlutamálinu þótt þau læri líka móðurmál foreldranna. Þvert á móti sýna rannsóknir að sem börn ná betra valdi á móðurmáli foreldra sinna því betra valdi ná þau á meirihlutamálinu í landinu, svo framarlega sem barnið heyrir meirihlutamálið líka (Baker and Prys Jones, 1998). Rannsóknir hafa jafnvel sýnt að börn sem alast upp við tvö mál fái betri niðurstöður bæði á málhluta og verklegum hluta greindarprófa, sýni meiri sveigjanleika í hugsun og meiri sköpunargáfu en jafnaldrar þeirra.

Það er oftast mikil vinna fyrir foreldra sem eiga minnihlutamál að móðurmáli að kenna börnum sínum móðurmálið sitt, hvort sem um er að ræða táknmál eða önnur tungumál, en það er vel hægt. Til að börnin vilji nota táknmálið verða heyrnarlausir foreldrar að kenna börnum sínum að bera virðingu fyrir táknmálinu, móðurmáli sínu og besta leiðin til þess



er að foreldrarir beri sjálfir virðingu fyrir táknmálinu. Til að hjálpa börnum sínum að ná valdi á táknmáli er líka nauðsynlegt að heyrnarlausir foreldrar noti táknmál við börnin sín. Íslenskan er allt í kring um börnin í umhverfinu, í leikskólanum, skólanum, sjónvarpinu og hjá börnunum sem þau leika við úti. Foreldrarir eru hins vegar oft þeir einu sem geta kennt barninu táknmálið.

Katrín Einarsdóttir.

Heimildir:

Arnberg, L. (1987). Raising Children Bilingually: The Preschool Years. Clevedon: Multilingual Matters, Ltd.

Baker, C. and Prys Jones, S. (1998). Encyclopedia of Bilingualism and Bilingual Education. Clevedon: Multilingual matters, Ltd.

Döpke S. (1992). One Parent One Language, an interactional approach. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company.

Kragh, O. (1988). Tokulturelt forsögsprojekt i børnehaven Svalen. In J.N. Jørgensen, E. Hansen, A. Holmen and J. Gimbel (eds). Bilingualism in Society and School. Copenhagen Studies in Bilingualism, Vol 5. Clevedon: Multilingual Matters.

Lambert, W.E. (1975). Culture and language as factors in learning and education. In A. Wolfgang (ed.), Education of Immigrant Students. Issues and Answers. Toronto: The Ontario Institute for Studies in Education.

Peal, E. and Lambert, W.E. (1962). The relation of bilingualism to intelligence. Psychological Monographs, 76(27), 1-23.

## Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:

Björnabakari Austurströnd  
Fógetinn ehf. Aðalstræti 10  
Borgarbilastöðin ehf Hafnarstræti 21  
Teiknistofan Skólavörðustíg 28 Skólavörðustíg 28  
Faxamjöl hf. Norðurgarði  
Bernhard Petersen ehf. Ananaustum 15  
Faxamarkaðurinn hf. Austurbakka Faxaskál  
Veitingahúsið Perlan ehf. Óskjahlíð  
Slökkvístöðin í Reykjavík Skogarhlíð 14  
Ydda ehf. Grjótagötu 7  
Borgarfell ehf. Skólavörðustíg 23  
Victor Sigurjónsson, verktaki Egilsstötu 10  
Kaffi Amsterdam Hafnarstræti 5  
Árvakar hf. Kringlunni 1  
Verslunarmannafélag Reykjavíkur Kringlunni 7  
Nýja kokuhúsið ehf. Kringlunni 8-12  
Háaleitis Apótek Háaleitisbraut 68  
Skóverslunin Bossanova hf. Kringlunni 8-12  
Skipulag og stjórnun sf. Hvasaleiti 99  
Demantahúsið Kringlunni 4  
Ólafur Þorsteinsson ehf. Vatnagöllum 4  
Bifreiðaverkstæði H.P. Kleppsvégi 106  
Hafrósi ehf. Skútvögu 12g  
Bifreiðastöðin Bæjarleiðir hf. Langholtssvegi 115  
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf. Korngöllum 5  
Endurvinnslan hf. Knarrarvogi 4  
Skúlason og Jónsson ehf. Skútvögu 12h  
Karl K. Karlsson ehf. Skútvögu 5  
Á.Á. eignarhaldsfélag ehf. Sundaborg 5  
Davíð S. Jónsson og Co ehf. Skútvögu 13a  
Nota Bene hf. Suðarvogi 6  
Dreifing ehf. Vatnagöllum 8  
Hárgreiðslustofa Heiðu Altheimum 11a  
Straumur ehf. heildverslun Sundaborg 1  
Rafstilling ehf. Dugguvögu 23  
